

Reykjavík, 21. janúar 2008

Til:

Foreldra/forráðamanna barna í frístundaheimilum ÍTR

Efni: Sveigjanleg þjónusta í nokkrum frístundaheimilum ÍTR

Samþykkt var í Íþróttá – og tómstundaráði 11. janúar sl. að bjóða upp á sveigjanlegri þjónustu fyrir börn í öllum frístundaheimilum á vegum ÍTR.

Sveigjanleg þjónusta felur í sér að foreldrar geta valið að hafa barn sitt 1- 5 daga á frístundaheimili og greitt eftir dagafjölda.

Er þessi ákvörðun tekin í ljósi þess að ekki hefur gengið sem skyldi að taka inn börn af þeim biðlistum sem hafa myndast vegna starfsmannaeklu. Einnig er vonast til að þetta auki valkost foreldra/forráðamanna til að skipuleggja tíma barna sinna og fjölskyldunnar.

Barn þitt hefur þegar fengið pláss á frístundaheimili og mun þessi ákvörðun ekki hafa nein áhrif á það.

En frá og með **1. febrúar n.k.** hafa foreldrar/forráðamenn kost á að breyta dvalartíma barna sinna, ef þeir kjósa það með því að fara inn á Rafræna Reykjavík og framkvæma breytingarnar. Vakin er athygli á því að skráning á viðkomandi daga er bindandi og breytingar síðar eru háðar því að laust sé á umbeðnum dögum.

Gjaldskrá frístundaheimilanna mun breytast í kjölfar þessa og verður sem hér segir:

Gjaldskrá fyrir dvöl á frístundaheimili:	Gjaldskrá fyrir síðdegishressingu
5 dagar í viku kr. 8.365/mánuð	5 dagar í viku kr. 2150/mánuð
4 dagar í viku kr. 6.820/mánuð	4 dagar í viku kr. 1.720/mánuð
3 dagar í viku kr. 5.270/mánuð	3 dagar í viku kr. 1.290/mánuð
2 dagar í viku kr. 3.710/mánuð	2 dagar í viku kr. 860/mánuð
1 dagur í viku kr 2.160/mánuð	1 dagur í viku kr. 430/mánuð

Nánari upplýsingar um frístundaheimilin er að finna á heimasíðu ÍTR www.itr.is og í síma 411-5000. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir í tölvupósti á fristundaheimili@itr.is

Athugið að **ef foreldrar geta ekki nýtt sér rafræna afgreiðslu á breytingunni**, geta þeir farið á frístundamiðstöðvar ÍTR (helst fyrir hádegi) og á þjónustumiðstöðvar hverfanna og fengið aðstoð. Ekki er hægt að gera breytingar í gegnum síma. Þjónustumiðstöðvar, frístundamiðstöðvar og Símaver Reykjavíkurborgar (s: 411-1111) geta þó leiðbeint símleiðis ef forráðamenn eru við nettengda tölvu.

Með von um ánægjulegt samstarf.

Bestu kveðjur,
Soffía Pálsdóttir,
skrifstofustjóri tómstundamála ÍTR